Minnisblað

Hafnarfjörður 28. september 2026
Málsnúmer: 2304615

Málefni heimilislausra- smáhýsi

Fjölskyldu- og barnamálasvið mun annast stuðning við þá einstaklinga sem flytja í fyrirhuguð smáhús í Hafnarfirði. Um er að ræða einstaklinga með flóknar og fjölþættar stuðningsþarfir, oft samhliða geðrænum vanda og vímuefnavanda, sem þurfa umfangsmeiri og sveigjanlegri stuðning en almennt er veittur innan hefðbundinnar heimaþjónustu.

Einstaklingur fær úthlutað íbúð í smáhús á grundvelli reglna um félagslegt leiguhúsnæði hjá Hafnarfjarðarkaupstað. Þeirri búsetu fylgir ábyrgð og skyldur sem kveðið er á um í leigu- og þjónustusamningi.

Þjónustan verður einstaklingsmiðuð og byggir á skaðaminnkandi hugmyndafræði og grundvallarsjónarmiðum *Housing First* (Húsnæði í forgangi). Í því felst að öruggt húsnæði er lagt til grundvallar og stuðningur veittur út frá þörfum og stöðu hvers einstaklings. Ekki er gerð krafa um bindindi frá áfengi eða öðrum vímuefnum sem skilyrði fyrir búsetu eða þjónustu. Áhersla verður á að byggja upp traust og stöðugleika, draga úr skaða og styðja einstaklinga til aukinna lífsgæða og sjálfstæðis.

Sértæk heimaþjónusta Hafnarfjarðarbæjar mun gegna lykilhlutverki í þjónustu við íbúa smáhýsanna. Þjónustan er starfrækt alla daga vikunnar og er sniðin að einstaklingum með fjölþættar stuðningsþarfir. Hún felur meðal annars í sér félagslegan stuðning og samtöl, hvatningu, aðstoð við heimilishald og athafnir daglegs lífs, innkaup og matargerð ásamt fylgd til læknis og annarra þjónustuaðila. Markmiðið er jafnframt að styðja einstaklinga við að halda heimili og tengjast þeirri heilbrigðis- og félagsþjónustu sem þeir þurfa á að halda. Nú þegaar hafa borist jákvæð viðbrögð frá nágrönnum á svæðum þar sem starfsfólk sinnir þjónustu, meðal annars vegna sýnilegrar viðveru starfsfólks og aukinnar öryggistilfinningar.

Til að styrkja enn frekar undirbúning þjónustunnar hefur Hafnarfjarðarbær gert samning við Reykjavíkurborg um samstarf við VoR-teymið, sem býr yfir reynslu og sérþekkingu í þjónustu við einstaklinga með flóknar og fjölþættar þjónustuþarfir. Gert er ráð fyrir að VoR-teymið komi að þjónustu við íbúa smáhýsanna ásamt starfsfólki sértækrar heimaþjónustu. Samstarfið felur í sér ráðgjöf, reglulegt samráð og markvissa miðlun þekkingar og reynslu til starfsfólks Hafnarfjarðarbæjar.

Með þessu fyrirkomulagi er stefnt að því að íbúar smáhýsanna fái frá upphafi samfelldan og sveigjanlegan stuðning sem tekur mið af þörfum þeirra.

Virðingarfyllst,
Elín Ósk Baldursdóttir
deildarstjóri þjónustu og úrræða